

Íslensk erfðagreining ehf
Sturlugötu 8
101 Reykjavík

30.7.2025
UOS2501486/K.G.
14.03

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3. júlí 2025 – Íslensk Erfðagreining, Sturlugötu 8, ID 374

Þann 3. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Íslenskri Erfðagreiningu, Sturlugötu 8. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík frá kröfum leyfis komu fram í eftirliti en þrjár ábendingar voru settar fram er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að yfirfara innihald spilliefnaskúffu á 2. hæð rannsóknarstofunnar, merkja efni með skýrum hætti og farga þeim efnum sem eru gömul, ónotuð eða óþekkt á viðeigandi hátt. Nauðsynlegt er að tryggja reglubundna tiltekt og örugga geymslu efna til að koma í veg fyrir hættuleg efnahvörf, í samræmi við ákvæði í grein 2.4 starfsleyfisins.
2. Rekstraraðila er bent á að meta þörf fyrir spilliefnaskáp í efnaherbergi á 1. hæð til geymslu á fljótandi spilliefnum. Slíkur búnaður stuðlar að öruggri og viðeigandi meðhöndlun hættulegra efna og er í samræmi við kröfur um örugga geymslu efna samkvæmt grein 2.4 í leyfi.
3. Rekstraraðila er bent á að tryggja að öryggisblöð (SDS) séu betur aðgengileg starfsfólki á vinnusvæðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða geymd, í samræmi við kröfur greinar 2.4 í leyfi.

Einnig er vakin athygli á því að við eftirlit var farið inn í aðgangsstýrt rými í bílastæðahúsi þar sem staðsett er varaafstöð og geymt er talsvert magn olíu. Þrátt fyrir að þetta rými falli utan þess leyfis sem eftirlitið beindist að, er tilefni til að benda á eftirfarandi: rýmið skal merkt með viðeigandi hætti og tryggt að mengunarvarnabúnaður, s.s. olíuskilja, sé til staðar eftir því sem við á, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst

Kjartan Guðmundsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur